

Hin sjö lögmál sálarinnar eða heildislífs

Yfirlit

- Lögmál fórnar (The Law of Sacrifice)**
Innrætt nafn: Lögmál þeirra sem kjósa að deyja.
Tákn: Rósráuður kross með gullnum fugli.
Orka: Útstreymandi sameinandi fjórðageisla orka.
- Lögmál sameiningarhvatar (The Law of Magnetic Impulse)**
Innrætt nafn: Lögmál pólarsameiningar.
Tákn: Tveir eldhnettir og þríhyrningur.
Orka: Geislandi orka. Raunbirtingarorka annars geislans.
- Lögmál þjónustu (The Law of Service)**
Innrætt nafn: Lögmál vatns og fiskanna.
Tákn: Maður með vatnslát.
Orka: Útstreymandi orka sjötta geislans. Lífgandi líf.
- Lögmál afsals eða höfnunar (The Law of Repulse)**
Innrætt nafn: Lögmál allra eyðandi engla.
Tákn: Engill með logandi sverð.
Orka: Hin hafnandi orka fyrsta geislans.
- Lögmál heildisframfara (The Law of Group Progress)**
Innrætt nafn: Lögmál upphafningar.
Tákn: Fjallið og geitin.
Orka: Hin framsækna orka sjöunda geislans. Þáttur þróunar.
- Lögmál víðtækrar svörunar (The Law of Expansive Response).**
Orka: Þriðji geislinn.
- Lögmál lægri fjögurra (The Law of the Lower Four).**
Orka: Fimmti geislinn.

1. lögmál sálarinnar:

Útrætt nafn: Fórnarlögmálið.

Innrætt nafn: Lögmál þeirra sem kjósa að deyja.

Tákn: Rósrauður kross með gullnum fugli.

- Rósakrossinn -

Það er hinn elskaði kross með fugli (tákn sálarinnar) fljúgandi yfir frjáls í tíma og rúmi.

Geislaorka: Útstreymandi fjórða-geisla sameinandi orka.

Fórnarlögmálið:

Merking þess er einfaldlega hvötin að gefa. Í þessari setningu felst merkingin að baki kenninganna um fyrirgefningu syndanna og friðþæginguna (sameininguna). Það er grundvöllur hinnar kristnu kenningar um kærleika og fórn.

Misskilningur manna á þessu lögmáli: Túlkað einstaklingsbundið en heildishugmyndinni sleppt.

Sólarguðinn gaf líf sitt heiminum, sólkerfinu, plánetunni og hinn raunbirti alheimur varð til.

Hinn kosmíski Kristur var krossfestur á krossi efnisins. Sú mikla fórn veitti öllum lífverum í öllum ríkjum náttúrunnar tækifæri til að þróast og þroskast.

Fórn sólarenglanna varð til þess að fjórða náttúruríkið varð til. Þessir englar tóku sér efnislegt form með ásetningi og fullum skilningi í þeim tilgangi að lyfta lægri lífsformunum og færa þau nær markmiðinu. Þessi fórn hefur gert mögulega þróun hinnar ídveljandi vitundar Guðsins. Vitundin hafði þróast í gegnum lægri náttúruríkin og þurfti nú á starfi sólarenglanna að halda til að geta tekið meiri framförum.

Í þessu felst:

- a. Þjónusta okkar við Guð með fórn og dauða.
- b. Þjónusta okkar við aðrar sálir með vísvitandi markmiði sjálfsfórnar.
- c. Þjónusta okkar við önnur lífsform í öðrum ríkjum náttúrunnar.

Með fórn (dauða) englanna er efni „lyft upp til himins“.

Fórn heimsfrelsara: Athöfn þeirra felst í fórn hins æðra til lausnar því sem er lægra.

Heimselfrelsarar koma fram á mörgum sviðum og í mörgum formum, ekki eingöngu sem trúarlegir frelsarar.

Starf þeirra er frelsun, endurreisn, endurnýjun og opinberun, og þeir ná markmiði sínu með sjálfsfórn.

Lögmálið merkir einnig: Að hafna eigin ágóða. Að starfa óháður, án þess að vænta persónulegrar umbunar.

Sálin þarf að afsala sér persónuleikanum. Hann verður ekki lengur sálinni kær, persónan sameinast sálinni en ekki öfugt, öllu sem persónuleikinn stendur fyrir þarf að fórna.

Þessu er náð með því að iðka skapstillingu (vera óháður tilfinningasveiflum), dómgreind (sjá skýrt, óháður blekkingum hugans) og aðgreiningu á því sem er sjálfið og ekki-sjálfið.

„Eftir að hafa fyllt heiminn með broti af sjálfum mér, ég er.“

Þetta einkennir viðleitni sálarinnar, og í því felst vísbending um tákn lögmálsins: Rósrauður kross með fugli fljúgandi yfir.

Sálin þarf einnig að læra að afsala sér tengslum við aðra á persónulegum nótum. Læra að þekkja og hitta annað fólk eingöngu á sviði sálarinnar. Þetta er erfitt fyrir marga.

Maðurinn verður að leysa til að halda og sleppa til að eignast.

Tengsl milli lærisveina eru sálarleg en ekki persónuleg. Það er aðeins þegar þjónendur vinna saman út frá innra huglægu sambandi að hægt er að vinna sameinað starf.

Afsala eða fórna hinni aldalöngu tilhneigingu að gagnrýna og breyta verkum annarra, og viðhalda með því móti heilleika hópsins.

Afsala eða fórna þeirri tilfinningu að bera ábyrgð á verkum annarra, sérstaklega lærisveina.

Afsala eða fórna því sérstaka stærilæti hugans sem sér aðeins sína eigin leið og finnst sínar eigin túlkanir vera hinar einu réttu og sönnu og túlkanir annarra rangar. Það er leið aðgreiningarinnar.

Haldið fast við leið samfjöllunar, því það er leið sálarinnar en ekki lægri hugans.

Hið mikla geislalíf sem raunbirtist í plánetukerfi jarðarinnar einkennist af eiginleika eða viðhorfi Hins guðdómlega uppreisnarmanns. Það er aðeins uppreisn sem veldur þjáningu og sorg.

Sams konar aðstæður, sem blanda þjáningu og sorg í lögmál fórnarinnar, ríkja einnig á Mars og Satúrnusi en ekki í öðrum plánetukerfum.

Jörðin, Mars og Satúrnus mynda persónuleika eins mikils geislalífs sem birtir í sér orku þriðja geislans.

Venus, Júpíter og Úranus tengjast á sama hátt í birtingu mikils geislalífs.

2. lögmál sálarinnar:

Útrætt nafn: Lögmál sameiningarhvatar
(The Law of Magnetic Impulse)

Innrætt nafn: Lögmál pólarameiningar
(The Law of Polar Union)

Tákn: Tveir eldhnettir og þríhyrningur

Geislaorka: Geislandi orka, Annars geisla

raunbirtingarorka.

Lögmál sameiningarhvatar

Sálarlögmálin fjalla eingöngu og algerlega um gagnkvæm samskipti á milli sálna.

Lögmál sameiningarhvatar ræður sambandi, samspili, samskiptum og samfléttun milli hinna sjö sálnaheilda á æðri stigum hugarsviðsins.

Lögmálið ræður einnig gagnkvæmum samskiptum sálna í birtingu, eða með öðrum orðum, það varðar samskipti allra sálna innan þess sem kristnir menn nefna „Guðsríki“.

Með réttum skilningi á þessu lögmáli fær maðurinn þekkingu á innra huglægu lífi sínu; hann getur beitt innræðum mætti og getur því starfað meðvitað bæði í formi og með form og haldið samtímis vitund sinni og vitundarstillingu í annarri vídd og starfað á virkan hátt bak við tjöldin.

Lögmálið hefur mikið gildi af þeirri ástæðu að Guðinn er á öðrum geislanum, þetta er annars geisla sólkerfi, og allt innan þess litast og mótast af þessum geisla og er því um leið undir yfirráðum þessa lögmáls.

Lögmál sameiningarhvatar hefur sömu stöðu í ríki sálnanna og lögmál aðlöðunar hefur í heimi hlutveruleikans. Það er í raun innræð hlið þess lögmáls.

Lögmálið er ráðandi í ríki sálnanna; sólarenglarnir bregðast við því, og sálarlótusinn springur út vegna áhrifa þess. Það er grundvöllur þess að æðra sjálfið þekkest, það er sá þáttur sem veldur stefnubreytingu mannsins í heiminum þrem, það er orsök hinnar segulmögnuðu tengingar milli meistara og heildis hans, eða meistara og lærisveins hans.

Lögmálið ræður samspili sálar fjórða náttúruríkisins (mannkynsins) við sál lægri náttúruríkjanna þriggja og æðri ríkin þrjú.

Þetta lögmál mun verða hið ákvarðandi lögmál mannkynsins vegna meginhlutverksins sem mannkynið á að gegna í áætlun Guðs, en það er að starfa sem miðlari ljóss, orku og andlegs máttar til lægri ríkja náttúrunnar; það mun mynda samskiptarás milli hins æðra og hins lægra. Slíkt er hið háleita ætlunarverk mannkynsins.

Allir þeir menn, sem komnir eru í samband við sál sína, starfa í sálarheildum sem eru í tengslum við uppsprettu andlegra verðmæta. Þessi sálarheildi geta komist í samband við viss mikil Líf og krafta ljóss, eins og Krist og Búdda. Sameining þessi í sálarheildi er mun meiri og mikilvægari en einstaklingsbundin sameining vegna þess að hún er heildissameining. Þessi hugmynd er felur í sér tækifæri sem öllum leitendum og góðviljuðum mönnum stendur til boða.

Með einbeitri viðleitni þessara heilda í heiminum nú á tímum (sem innrætt séð mynda Eitt heildi) er mögulegt að leysa úr læðingi ljós, andagift og andlega vakningu í slíkri flóðbylgju máttar að varanlegar breytingar geta orðið í vitund mannkynsins.

Í þessu mikla ætlunarverki er að finna eftirtalda aðila og hópa:

1. Krafta ljóssins og Anda friðar, Líf í birtingu sem búa yfir gífurlegum heildismætti.
2. Helgistjórn plánetunnar.
3. Búdda.
4. Krist.
5. Hið nýja heildi heimspjónenda.

6. Mannkynið.

Tákn lögmálsins birtist í tveim eldhnöttum og þríhyrningi. Tákníð hefur bæði sólkerfislega og kosmíska merkingu, en að auki hefur það sérstaka merkingu fyrir andlega þróun og þroska einstaklingsins. Eldhnettirnir tveir eru höfuðstöðvarnar tvær: ennisstöðin og höfuðstöðin, táknmynd hinnar eldlegu vitundar sálarinnar en ekki dýravitundar líkamans.

Með þjónustu, hugleiðslu og réttri leit verða þessar stöðvar lifandi og virkar. Um síðir myndast tengirás milli þeirra, einnig verður til rás til efsta hluta mænunnar. Þær mynda tvígreint segulsvið eða áhrifasvið. Innrætt séð eru þær hvattar til sameiningar samkvæmt lögmáli sameiningarhvatar. Þær dragast einnig að orkunni í hryggnum sem staðsett er í orkustöðvunum fimm upp með hryggnum. Að lokum verður samspil þeirra svo máttugt að þríhyrningur myndast innan ummáls máttarsviðsins. Þríhyrningurinn tengir þessar þrjár stöðvar í höfðinu. Táknmyndin er þá fullgerð og er til merkis um að lærisveinninn sé nú undir stjórn síns æðra eðlis. Hann er undir stjórn lögmáls sameiningarhvatar og pólarameining hefur orðið.

3. lögmál sálarinnar:

Útrætt nafn: Lögmál þjónustu
(The Law of Service)

Innrætt nafn: Lögmál vatnsins og fiskanna.

Tákn: Maður með vatnsílát.

Geislaorka: Útstreymandi orka sjötta geislans.
Lífandi líf.

Þjónustulögmálið

Þetta lögmál er komið til okkar fyrir áhrif frá vissum orkutegundum sem stafa frá því stjörnumerki sem við erum að færast í áttina til (Vatnsberinn).

Þjónustulögmálið var í fyrsta skipti tjáð á jörðinni af Kristi fyrir 2000 árum, hann var fyrirrennari Vatnsberaaldarinnar. Hann er hið lifandi vatn sem mennirnir þarfnast. Þar af er komið innrætt nafn lögmálsins, Lögmál vatnsins og fiskanna.

Táknmerki Þjónustulögmálsins líkist tákni Vatnsberamerkisins, með þeirri undantekningu að maðurinn stendur í fullkomnu jafnvægi í formi kross með útrétta handleggji og með vatnsílátið á höfðinu. Vatnsílátið er ekki byrði eins og það er þegar það er borið á öxlinni.

Þjónusta er oftast framkvæmd af skyldurækni, af ósk um að bæta úr ástandi sem mönnum þykir óþægilegt að verða vitni að, af þeirri hvöt að breyta ástandi og mönnum í það form sem þjónandanum finnst rétt og eðlilegt. Þjónusta getur líka birst sem ofstækisfull þrá til að feta í fótspor Krist sem gekk um og gerði góðverk.

Þannig er tilhvöt þjónustu ekki eðlilegt og sjálfkrafa svar við þörfum hinna þurfandi. Hinn nauðsynlegi eiginleiki þjónustu er því ekki fyrir hendi.

Það er í tísku að gera góðverk og vinna að hjálparstörfum. Mannkynið er þó á leið til réttis skilnings á þjónustu, það er smám saman að læra að bregðast við hinum stöðuga þrýstingi frá vilja hins mikla Lífs sem lífgar stjörnumerkið Vatnsberann.

Lögmálið miðar að þrennu:

1. Vekja hjartastöðina hjá öllum leitendum og lærisveinum.
2. Gera hinu tilfinninga-innstíllta mannkyni kleift að stilla sig vitsmunalega inn á hugann.
3. Flytja orku sólarplexus-stöðvarinnar til hjartans.

Þjónustan sem veitt er nú á tímum er vegna áhrifa Vatnsberans sem greinist í gegnum sólarplexus-stöðina. Það er því ástæðan fyrir hinu tilfinningaþrungna eðli þeirrar þjónustu sem nú er unnin. Það er ástæðan fyrir hversu margt af því sem nú er gert er ófullnægjandi.

Þegar hvötin til þjónustu greinist almennt meira í gegnum hjartastöðina þá verður þjónustan gleðiríkari og árangursríkari.

Þjónustu má skilgreina sem ósjálfráða svörun við áhrifum sálarsambands.

Þjónusta er lífsbirting, hún er sálarhvöt og er jafn mikill þróunardrífkraftur sálarinnar og sjálfsbjargarhvötin og hvötin til að viðhalda tegundinni er fyrir dýrasálina. Þetta er mikilvægt. Hún er eðlishvöt sálarinnar, ef hægt er að orða það svo. Hún er jafn áberandi eiginleiki sálarinnar og löngun eða þrá er eiginleiki lægra eðlisins.

Hana er því ekki hægt að kenna eins og fræðigrein.

Frumkjarni þjónustu er sálarsamband, ekki það sem gert er í heimi formsins.

Fyrsta verk sálarinnar, þegar samband hefur náðst við lægri manninn, er að gera hann meðvitaðan um að hann sé lifandi eðlisþáttur guðdómsins og undirbúa síðan lægra eðlið svo að það geti beygt sig sjálfkrafa undir Fórnarlögmálið. Þá myndar það enga hindrun fyrir lífið sem hlýtur að streyma í gegnum það. Þetta er fyrsta og erfiðasta verkið. Þegar sveiflutíðni þessa lögmáls hefur náð festu í líf mannsins og fyrir hann er orðið eðlilegt að vera tjáning sálarinnar, þá mun lífið sem streymir í gegnum hann, ljúflega og eðlilega, fara að hafa áhrif á nánasta umhverfi hans og félaga. Þessi áhrif má þá kalla „líf þjónustu“.

Hver eru einkenni hins sanna þjónanda?

1. Hann einkennist af eiginleika skaðleysis. Hann forðast allar athafnir, orð, hugsanir og tilfinningar sem valdið gætu skaða eða misskilningi. Hann mun ekki skaða hóp sinn.
2. Fúsleiki til að láta aðra þjóna eða starfa eins og þeim fellur best eða virðist best við hæfi. Viðleitni hans beinist að því að hjálpa öðrum að lifa andlegu lífi og tjá þjónustu á því sviði sem þeir hafa kosið sér og með þeim hætti sem þeir óska eftir að vinna hana.
3. Þriðja einkenni þjónandans er gleði sem kemur í staðin fyrir gagnrýni og er þögnin sem hljómar.

Hvaða áhrif hefur þjónusta á hugann, tilfinningarnar og etherlíkamann?

Áhrifin á tilfinningarnar og hugann geta verið með tvennum hætti:

Þau geta eftt sýndarljómann og aukið blekkingaráhrifin sem þar er að finna. Þá kemur fram þjónandi sem er undir þeirri blekkingu að hann sér útvalinn talsmaður Helgivaldsins; hann er einnig haldinn þeirri blekkingu að hans skoðun og aðferð sé sú eina rétta.

Ef maðurinn getur forðast sýndarljómann og blekkingarnar þá mun hinn innstreymandi kraftur fylla líf hans með óeigingjörnum kærleika og trúfestu við Aætlunina. Ekkert rúm verður fyrir sjálfsáhuga, sjálfseflingu og eigingjarnan metnað.

Sálarkrafturinn streymir í gegnum hugann og tilfinningarnar og inn í etherlíkamann, efnislíkaminn bregst við sjálfkrafa.

Það er því nauðsynlegt fyrir þjónandann að doka við á astralsviðinu og bíða þar í háleitri þögn og leyfa kraftinum að streyma í gegn inn í orkustöðvarnar í etherlíkamanum. Þessi þögn er einn af leyndardómum andlegs þroska. Komist orkan í gegn hrein og ómenguð af persónulegum tilhneigingum þá örvar hún orkustöðvarnar ofan þindar, annars örvar hún aðallega sólarplexus-stöðina.

4. lögmál sálarinnar:

**Útrætt nafn: Lögmál höfnunar
(The Law of Repulse)**

Innrætt nafn: Lögmál allra eyðandi engla.

Tákn: Engill með logandi sverð.

Geislaorka: Hin hafnandi orka fyrsta geislans.

Höfnunarlögmálið

Nokkur einkenni og áhrif lögmálsins:

1. Orka þess hefur sundrandi áhrif.
2. Áhrif þess á hina mismunandi þætti formlífsins, þegar það er í virkri tjáningu, eru virk sundrun og afneitun.
3. Það veldur þeirri dómgreindarhæfni sem um síðir leiðir til þess sem nefnt er á innræðan hátt, „Leið hinnar guðlegu höfnunar.“
4. Það er samt sem áður ein grein af Kærleikslögmálinu, meginþætti Vishnu eða Krists, og varðar viðhorf sálarinnar sem í eðli sínu er kærleikur.
5. Lögmálið tjáir sig í gegnum hugann. Áhrif þess finnast því ekki fyrr en á braut lærisveinsins.
6. Það er frumforsenda fyrir sannri sjálfsþekkingu. Það opinberar um leið og það dreifir eða sundrar.
7. Það starfar í kærleika og til hagsbóta fyrir eininguna, formið og þá tilveru sem um síðir hafnar forminu.
8. Það er ein grein eins hins mesta kosmíska lögmáls, Lögmáls sálarinnar, sem er Hið kosmíska lögmál aðlöðunar. Því sem laðað er að er sjálfkrafa, þegar tímar líða, hafnað af þeim sem upphaflega laðaði það til sín.

Lögmálið mótar í vitund leitandans hinn guðlega tilgang og gefur honum þær æðri hvatir og andlegu ákvarðanir sem marka framför hans á Veginum.

Engillinn með logandi sverðið stendur fyrir utan dyrnar að paradís og bægir þeim frá sem ekki eru reiðubúnir. Hann ver ekki paradís fyrir hinum óverðuga heldur ver hann leitandann og bjargar honum frá hættum vígslunnar sem hann þarf að ganga í gegnum áður en hann getur gengið í gegnum hin fimm stig paradísar þar sem meistara viskunnar dvelja.

Lögmálið er ein grein af hinu grundvallandi Kærleikslögmáli. Það hafnar því óæskilega í þeim tilgangi að finna það sem hjartað þráir. Þannig leiðir það hinn vegmóða pílagrím frá einni höfnun til annarrar þar til hann getur tekið Hina miklu ákvörðun með óskeikulli vissu.

Maðurinn getur ekki skynjað áhrif þessa lögmáls fyrr en hugurinn er orðinn virkur og einhver tenging hefur myndast við sálina. Þessi lögmál ráða fyrst og fremst andlegu þrenndinni sem tjáir sig í gegnum sálina á sama hátt og þrír eðlisþættir sálarinnar tjá sig í gegnum persónuleikann.

Tengsl lögmálanna við krónublöð sálarlótusins:

1. Fórnlögmálið.....Fórmarkrónublöðin
2. Lögmál sameiningarhvatar.....Kærleikskrónublöðin

3. Þjónustulögmálið.....Þekkingarkrónublöðin

Hin þrjú æðri andlegu lögmál endurspeglast í hinum lægri þrem og finna sér leið niður í lægri vitundina í gegnum sálarlótusinn og antahkarana.

1. Höfnunarlögmálið.....Atma, andlegur vilji.

Áhrifin koma í gegnum fórnarkrónublöð sálarlótusins og fórnarlögmálið.

2. Lögmál heildisframfara.....Búddhi, andlegur kærleikur.

Áhrifin koma í gegnum kærleikskrónublöðin og lögmál sameiningarhvatar.

3. Lögmál víðtækrar svörunar.....Manas, hinn æðri andlegi hugur.

Áhrifin koma í gegnum þekkingarkrónublöðin og þjónustulögmálið.

Upptalning á nokkrum meginlögmálum heimsins:

1. Hagkvæmnislögmálið (The Law of Economy). Það ræður aðallega lægra eðli mannsins, eðlishvötunum.
2. Aðlöðunarlögmálið (The Law of Attraction). Það ræður meginþætti sálarinnar í manninum og öllum lífsformum frá atómi til sólkerfis.
3. Samfjöllunarlögmálið (The Law of Synthesis). Það ræður manninum þegar hann er kominn út á vígslubrautina.

Hin sjö minni lögmál sem ráða þroska mannsins á þróunarbrautinni, bæði sem persónu og sem sál:

1. Lögmál sveiflutíðni (The Law of Vibration), hið atómíska lögmál sólkerfisins.
2. Samloðunarlögmálið (The Law of Cohesion), grein af aðlöðunarlögmálinu.
3. Upplausnarlögmálið (The Law of Disintegration).
4. Lögmál segulmagnsstjórnunar (The Law of Magnetic Control), sem ræður stjórn æðra sjálfsins á persónuleikanum með sálina sem millilið.
5. Stöðgunarlögmálið (The Law of Fixation). Hugurinn notar þetta lögmál til stjórnunar og stöðgunar.
6. Kærleikslögmálið (The Law of Love). Það ummyndar hið lægra langanaeðli mannsins.
7. Lögmál fórnar og dauða.

Lögmál höfnunar og þrá eða löngun.

Meginviðhorfi mannkynsins til tilverunnar má lýsa með orðinu þrá eða löngun.

Skilningur á þessu atriði liggur til grundvallar hinum fjórum göfugu sannindum Búddískrar heimspeki og hinni göfugu áttföldu leið til lausnar frá þjáningunni.

Það var skilningur á nauðsyn þess fyrir manninn að losna undan áhrifavaldi þessa löngunareðlis að Kristur lagði svo mikla áherslu á nauðsyn þess að sækjast eftir því að gera öðrum gott gagnstætt því að hugsa aðeins um eigin hag, og að sækjast eftir lífi þjónustu, sjálfsfórnar og sjálfgleymsku í kærleika til allra lífvera.

Sálinni er nauðsynlegt að maðurinn losni undan áhrifavaldi tilfinningalífsins sem birtist í löngunum og þrá eftir ytri, efnislegri og áþreifanlegri fullnægju. Þegar maðurinn byrjar að feta

braut lærisveinsins getur lögmál höfnunar farið að ráða honum. Tvennt ræður því hve hratt hann getur kvatt lögmálið til virkni. Annað er eðli tilhvatarinnar. Aðeins löngun til þjónustu getur leitt til nauðsynlegrar stefnubreytingar og nýrrar lífstækni. Hitt er fúsleikinn til að hlýðnast ljósinu hið innra og í umhverfinu hvað sem það kostar. Þjónusta og hlýðni eru lausnarorðin. Þjónusta leysir manninn frá sínu eigin hugsanalífi og sjálfsákvörðun. Hlýðni gagnvart sinni eigin sál skipar manninum sess í hinni stærri heild þar sem hans eigin þrár og hvatir lúta fyrir hagsmunum hins víðtækara lífs mannkynsins.

Lögmál höfnunar á braut lærisveinsins og á vígslubrautinni.

Á braut lærisveinsins stendur maðurinn frammi fyrir því erfiða verkefni að vinna með hinum andlegu lögmálum, sérstaklega lögmáli höfnunar.

Til að geta þekkt áhrif þess verður hann að gera þrennt:

1. Að losna frá sjálfhverfri afstöðu með þjónustu og byrja síðan, dulfræðilega séð, að hafna persónuleikanum. Tilhvöt hans verður að vera kærleikur til allra vera en ekki löngun eftir eigin lausn.
2. Með skilningi á andstæðunum byrjar hann, innrætt séð, að afmarka hinn göfuga miðjuveg sem Búdda talaði um.
3. Með skilningi á orðum Krists, þegar hann sagði mönnum að fela ljós sitt ekki undir mælikerinu, fer hann að byggja ljósveginn sem liggur að miðpunkti lífsins og leiðir hann frá myrkri til ljóss, frá óraunveruleika til raunveruleika og frá dauða til eilífs lífs. Hann er hin sanna antahkarana (vitundarbrú).

Eftirfarandi fjögur hugtök ráða starfi lærisveinsins:

1. Dómgreind (Discrimination)
2. Skapstilling (Dispassion)
3. Ögun (Discipline)
4. Sjálfsafneitun (Decentralisation)

Þegar lærisveinninn hefur uppgötvað þör andstæðnanna verður það verkefni hans að uppgötva það sem tilheyrir hvorugum pólnum. Það er þessi mið- eða millivegur sem opinberast fyrir vígsluhafanum með verkunum höfnunarlögmálsins. Það gerir honum kleift að ýta með hvorri hendi burt frá leið hans öllu því sem truflar eða hylur miðjuveg ljóssins.

Lögmál höfnunar og pílagrímurinn á vegi lífsins.

Samanburður á hinum átta stigum jóga og lögmálunum sjö:

1. Boðorðin fimm.....2. geislinn.....Lögmál sameiningarhvatar
Yfirsýn, aðlöðun.
2. Reglur sjálfögunar..4. geislinn....Fórnlögmálið
_Ég dey daglega.“
3. Stelling.....6. geislinn....Þjónustulögmálið
Jafnvæg afstaða til heimsins.
Rétt tengsl eða samskipti, réttar hugsjónir.
4. Pranajama.....7. geislinn.....Lögmál heildisframfara
Lögmál háttbundins líferniss
Lögmál andlegrar þróunar

5. Pratjahara.....1. geislinn.....Lögmál höfnunar
 Lausn frá löngunum
 Löngunum hafnað
6. Einbeiting.....3. geislinn.....Lögmál víðtækrar svörunar
 Rétt stefna
7. Hugleiðing.....5. geislinn.....Lögmál lægri fjögurra
 Rétt notkun hugans
 Sálin er í djúpri íhugun
8. Niðurstaða.....Fullkomin andleg vakning.

Afleiðing höfnunarlögmálsins, eins og það verkar í heimi lærisveinsins og ryður hindrunum úr vegi, beinir pílagrímmum til baka svo að hann hraðar sér á meðvitaðan hátt eftir einum af hinum sjö geislum sem liggja til miðpunktsins.

Samantekt fyrstu fjögurra lögmálanna:

Í fyrsta lögmálinu birtist hugmyndin um hinn eilífa pílagrím sem af eigin frjálsum vilja kaus að „deyja“ og tók sér röð líkama í þeim tilgangi að lyfta eða hefja upp líf formsins sem hann notaði. Þar með er hann að endurtaka í smáum mæli það sem Sólarlogosinn og Plánetulogosinn höfðu gert og eru að gera.

Í öðru lögmálinu kemst einingin sem fórnandi sér undir áhrif aðferðarinnar sem veldur þessum „dauða“. Með áhrifunum andstæðnanna, og með því að hún er í jafnvægi á milli þeirra, þekkir hún hið ytra myrkur, á svipaðan hátt og Kristur þekkti það við krossfestinguna þar sem hann hékk táknrænt séð á milli himins og jarðar á krossinum á Golgata. Með sínum innri mætti og segulkrafti hefur hann dregið og mun draga alla menn til sín. Libra (Vogarskálarnar) ræður þessu lögmáli og hægt er að skynja vissa krafta frá þessu lögmáli þegar sálarvitundin kemst undir áhrif þessa lögmáls.

Í þriðja lögmálinu kemst hinn fórnandi Guð og Guð andstæðuparanna undir áhrif sem eru auljósari í birtingu. Með dauða sínum og sigri yfir andstæðunum verður lærisveinninn svo máttugur að hann þjónar mannkyninu með því að verða það sem hann veit að hann er. Um leið og hann er á kafi í jarðneskri tilveru er hann meðvitaður um aðra þætti, tilganginn með dauðanum fyrir önnur líf og aðferðina sem hann þarf að nota til að ná og viðhalda hinu frelsandi jafnvægi. Þegar þessar hugmyndir eru ráðandi í huga hans getur hann þjónað meðbræðrum sínum.

Þegar fjórða lögmálið byrjar að hafa áhrif verður lærisveinninn var við Engilinn með logandi sverðið sem er á verði fyrir framan hlið vígslunnar. Með þessu tákni veit hann að nú getur hann gengið inn, en að þessu sinni ekki sem fáfróður umsækjandi heldur sem maður vígður í leyndardómum heimsins.

 „Hann kemur frjáls, sá sem hefur þekkt múra fangelsisins. Hann kemur inn í ljósið með opin augu, sá sem um eilífðir hefur þreifað sig eftir dimmum ganginum. Hann heldur áfram leið sína, sá sem um aldir hefur staðið frammi fyrir harðlæstri hurð.“

 Hann mælir fram með mætti Orðið sem opnar upp á gátt Hlið Lífsins. Hann stendur frammi fyrir Englinum og tekur við sverði hans og gefur honum þar með frelsi til að sinna æðri skyldum. Hann sjálfur gætir dyranna að Staðnum Helga.

Hann dó. Hann hóf baráttuna. Hann lærði veg þjónustunnar. Hann stendur frammi fyrir dyrunum.“

5. lögmál sálarinnar:

Útrætt nafn: Lögmál heildisframfara
(The Law of Group Progress)

Innrætt nafn: Lögmál upphafningar.

Tákn: Fjallið og geitin.

Geislaorka: Framsækin orka. Sjöundi geislinn. Þáttur þróunar.

Lögmál heildisframfara

Lögmálið byrjar að hafa áhrif í persónuvitund nemans þegar hann hefur öðlast skilning á ákveðnum þekkingaratriðum og veit af reynslu að vissar hugsjónir eru staðreyndir.

Þær má telja upp á þann einfalda hátt að lifa stöðugt í kærleika og sjálfsfórn sem spröttin er af eðlishvöt. „Að hugsa skýrt og vilja vel.“

Þetta eru einfaldar staðreyndir og ef til vill of einfaldar fyrir suma. En þær eru aðeins ytra byrði hinna dýpstu alheimssanninda. Þær eru frumatriði dulfræðinnar og það er aðeins í gegnum þær sem hægt er að nálgast þá fræðslu sem er lykillinn að hinni æðstu þekkingu.

Dómgreind (Discrimination).

Dómgreind er af mismunandi stigum. Í byrjun er það e.t.v. að velja á milli góðs og ills, en leitandinn sér síðar að dómgreindin þarf að fást við mun fíngerðari aðgreiningar, eins og hvenær rétt er að þegja og hvenær rangt er að þegja, hvenær rétt er að tala og hvenær rangt. Þegar lögmálin fara að hafa áhrif uppgötvar leitandinn að dómgreindin þarf að fást við enn óljósari verkefni og e.t.v. óskiljanleg.

Hann þarf að þekkja eða greina:

1. Áhrif eða sveiflutíðni sálarinnar.
2. Áhrif hins innra heildis sem hann tengist, e.t.v. ómeðvitað.
3. Áhrif meistarans sem er brennipunktur heildisins.
4. Áhrif geislans sem hann er á í gegnum sálina og meistarann.
5. Áhrifin sem verða til við samspil persónu hans og sálar.
6. Hinar þrjár mismunandi gerðir áhrifa frá etherlíkama hans, geðlíkama og huga.
7. Áhrif hópanna eða hópsins sem hann starfar með á hinu ytra sviði.
8. Sálaráhrif annars fólks sem hann tengist.
9. Áhrif hópa eins og Hins nýja heildis heimsþjónenda.

Þegar reynt er að beita þessari dómgreind á hugarsviðinu eingöngu verður vandinn óyfirstíganlegur. Næmni fyrir slíkum áhrifum er eðlishvöt sálarinnar.

Þegar lærisveinninn fer að færa líf sitt undir þetta lögmál er það merki um að hann hafi hafið undirbúning sinn fyrir vígslu.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að lærisveinninn býr sig undir vígslu af eigin hvötum.

Áhrif lögmálsins í lífi lærisveinsins eru eftirfarandi:

1. Hann kemst að því hvernig hann getur leyst sig frá sjálfshyggju og eigingirni. Það þýðir:
 - a. Hann óskar einskis fyrir sig sjálfan sem einstakling. Þetta atriði reynist mörgum erfitt. Þeir sem ekki eru reiðubúnir að setja markið svo hátt munu hvorki skilja það né sækjast eftir því. Þess vegna munu þeir gagnrýna það. Síðar munu þeir koma, og þá með skilningi og taka á sig þessa skyldu í ljósinu.
 - b. Augu hans beinast að ljósinu en ekki að þeirri löngun að ná sambandi við meistarann. Það kemur í veg fyrir andlega eigingirni. Þegar þessi lausn frá hinu

persónulega er fengin getur meistarinn dirfst að hafa samband og mynda tengsl við lærisveininn.

2. Hann hefur lært að þjóna af eðlishvöt. Hann þarf að nota dómgreind í þjónustu sinni, en viðhorf hans einkennast af guðlegri ákefð til að veita aðstoð, lyfta og sýna umhyggju og kærleika.
3. Hann hefur lært að beita huganum í tvær áttir:
 - a. Hann getur beint ljósi hugans inn í heim sálarinnar og séð og skilið þau sannindi sem verða fyrir hann að reynsluþekkingu.
 - b. Hann getur einnig beint því inn í heim blekkinganna og eytt sýndarljóma hins persónulega. Þegar þessu stigi er náð byrjar hann að eyða heimsblekkingunum, því hann er að nálgast hlið vígslunnar.

Samantekt lögmálanna:

1. lögmál: Lögmál fórnar.

Afleiðingar:	Heimsfrelsarar, Kristur.
Efnisleg birting:	Sjálfviljugur dauði, „Ég dey daglega“.
Svörun:	Dýrkun frelsarans, löngun til að fylgja honum.
Eiginleiki:	Óeigingirni, sjálfsfórn.

Efnisleg eining

Almennigur.

2. lögmál: Lögmál sameiningarhvatar.

Afleiðingar:	Heimstrúarbrögð, hugrænar stefnur.
Efnisleg birting:	Kirkjur, samtök.
Svörun:	Dýrkun hugmynda, heimspeki.
Eiginleiki:	Trúrækni, hugsjónir.

Etherísk eining

Leitandinn.

3. lögmál: Lögmál þjónustu.

Afleiðingar:	Mannúðarstarf.
Efnisleg birting:	Rauði krossinn og tengd starfsemi.
Svörun:	Kærleikur til mannkynsins.
Eiginleiki:	Samúð, samkennd.

Geðræn eining

Reynsluneminn.

4. lögmál: Lögmál höfnunar.

Afleiðingar:	Baráttan gegn hinu illa.
Efnisleg birting:	Krossferðir af öllum toga.
Svörun:	Dýrkun hins góða.

Eiginleiki: Dómgreind.

Hugræn eining

Lærisveinninn.

5. lögmál: Lögmál heildisframfara.

Afleiðingar:

Ný heildi.

Efnisleg birting:

Hið nýja heildi heimsþjónenda.

Svörun:

Samfjöllun.

Eiginleiki:

Aðgreiningarleysi.

Sálareining

Vígsluhafinn.